

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, svæði fyrir frístundabyggð, Ásgarði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. febrúar 2013 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 7. nóvember 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 20. desember 2012.

Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð, F16, stækkar um 14 ha sem áður voru skilgreindir sem opið svæði til sérstakra nota.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. febrúar 2013.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2013